

Nd. 796. Breytingartillögur

við frv. til l. um markaðs- og verðjöfnunarsjóð og við brtt. á þskj. 559.

I. Frá *Thor Thors*.

Við 1. Fyrir „fiskjarins“ í fyrri efnismálsgr. kemur: saltfisks.

II. Frá *atvinnumálaráðherra, Ólafi Thors og fjármálaráðherra*.

Við 1. Fyrir „5% — fimn af hundraði“ í fyrri efnismálsgr. kemur: 6% — sex af hundraði.

III. Frá *Hannesi Jónssyni*.

Við 3. gr. frv. Greinina skal orða svo:

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu 4 þeirra kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi, en atvinnumálaráðherra skipar hinn fimmta, og er hann formaður. Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarmanna og starfstíma þeirra og setur reglugerð um starfsemi sjóðsins.